

1874.

6. júní.

43. Auglýsing fyrir Ísland, um mótið á eins eyris-, tveggja-, fimm-, tíu- og tuttuguogfimmra-peningum þeim, sem slegnir verða samkvæmt peningalögunum 23. maí f. á.

Með allrahæstum úrskurðum 26. nóvbr. f. á., 27. janúar, 26. febrúar og 22. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum þóknazt allramildilegast að ákveða, að smápeningar þeir, sem hér verða taldir, skuli samkvæmt peningalögunum 23. maí f. á. slegnir með móti því, sem hér segir:

Eins eyris-, tveggja- og fimmaura-peningar úr kopar:

Á aðhverfuna skal setja fangamark hans hátignar konungsins með kórónu yfir, og neðan undir það peningamerkið, ár það, er peningurinn er mótaður, og upphafsstafina á nafni peningasmiðju-forstjórans, og á fráhverfuna verð peningsins — »1 Öre«, »2 Öre«, »5 Öre« — og umhverfis höfrung, er táknar sjófarir, og kornax á strái, er táknar akuryrkju.

Tíu- og tuttuguogfimmra-peningar úr silfri:

Á aðhverfuna skal setja brjóstmynd hans hátignar konungsins og umhverfis áskriptina »Christian IX, Kóngur af Danmark«, og neðan undir myndina peningamerkið, ár það, er peningurinn er mótaður og upphafsstafina á nafni peningasmiðju-forstjórans, og á fráhverfuna: í miðjuna þá tölu, er segir til verðs á peningnum — annaðhvort »10 Öre« eða »25 Öre«, þannig að orðið »Öre« standi fyrir neðan töluna —, til hliðanna höfrung og kornax á strái og fyrir ofan stjörnu.

Þetta skal hère með gefið almenningi til vitundar.

Í fjárhagsstjórninni, 6. dag júním. 1874.

*Fr. Krieger.*

---

*F. Vestergaard,*

Asst.